

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um kostnað við breytingar á tölvukerfum á sviði vörugjalda í tengslum við aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið.

1. *Hver er kostnaðurinn við aðlögunarvinnu íslenskra stjórnvalda að Evrópusambandinu vegna breytinga á tölvukerfum á sviði vörugjalda vegna 16. samningskafla aðildarviðræðnanna um skattamál, m.a. við:*
 - a. *eftirlitskerfi með flutningum gjaldskyldra vara,*
 - b. *innviði sem gera samhæfingu og samtengingu við kerfi Evrópusambandsins (SEED, MVS, EWSE) mögulega,*
 - c. *samþættingu sameiginlega samskiptakerfisins í starfsemi skatta- og tollýfirvalda,*
 - d. *þróun á eftirlitskerfi vegna flutnings gjaldskyldra vara (EMCS)?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti tollstjóra og embætti ríkisskattstjóra er vinna við að greina þann kostnað við þau tölvukerfi vörugjalda sem þarf að taka upp hér á landi ef Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu ekki hafin né önnur þau verkefni sem hér falla undir.

2. *Eru fleiri slík verkefni vegna breytinga á tölvukerfum á sviði vörugjalda í tengslum við aðildarumsókn að Evrópusambandinu en framangreind, til að mynda þverlæg?*
Ekki svo vitað sé.

3. *Hver er kostnaðurinn við að efla stjórnvíslugetu embættis ríkisskattstjóra og tollstjóra vegna þessara verkefna á sviði tölvukerfa með ráðningum og hjálfun starfsmanna?*

Enn sem komið er hefur það ekki verið kannað sérstaklega hvaða kostnaðarauki yrði af stjórnvíslu vörugjalda vegna aðildar að Evrópusambandinu. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Alþingi samþykkti nýverið breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald (473. mál) sem fela það í sér að stjórnvísula á sviði vörugjalda verði öll á hendi tollstjóra frá og með 1. mars 2013. Breytingin er óháð mögulegri aðild Íslands að ESB.

4. *Hvaða tæknibúnað þarf vegna þessara verkefna og í hvaða áföngum hefur verið lofað að taka hann upp miðað við tímasett loforð?*

Ekki liggur fyrir mat á því hvaða breytingar þyrfti að gera á tæknibúnaði embættanna í þessu sambandi eða tímasett áfangaáætlun þar að lútandi.

5. *Hverjir eru áfangar eða tímamörk fyrir verkefnin, er vinna við þau hafin, hvenær á þeim að ljúka og hvenær er gert ráð fyrir að innleiðingu verði lokið?*

Vísað er til svars við 4. tölul.

6. *Í hvaða tilvikum er stuðst við útvistunarsamninga vegna þessara verkefna, svo sem þróunar, prófana, reksturs og viðhalds hugbúnaðar, vélbúnaðar og samskiptakerfa?*

Vísað er til svars við 4. tölul.

7. *Hefur verið gerð grein fyrir kostnaði við verkefnið í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013? Verður gert ráð fyrir honum í útgjaldaáætlun fyrir 2014 og í áætlun um ríkisfjármál, sbr. 4. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis?*

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til embættanna vegna verkefna á sviði vörugjalda sem tengjast aðildarviðræðum Íslands við ESB í fjárlögum ársins 2013 eða í langtímaáætlun um ríkisfjármál.